



Við höfum áhrif

Samfélagsleg áhrif starfsfólks Háskóla Íslands

Samfélagsleg áhrif rannsókna eru áhrif á sjálfbæra þróun, samfélög eða velferð einstaklinga. Háskóli Íslands leitast við að auka jákvæð áhrif rannsókna í samfélaginu.

Áhrif af rannsóknum geta verið:

- **Vísindaleg** - en þá felast áhrifin fyrst og fremst í birtingum á niðurstöðum rannsókna, samstarfi rannsakenda, þátttöku í ritrýni, þróun rannsóknaraðferða og -spurninga og í raun öllu sem fellur undir að auðga fræðasamfélagið sem viðkomandi rannsakendur eru hluti af.
- **Efnahagsleg** - en þá fela þau í sér nýsköpun, hagnýtingu, aukna samkeppnishæfni, hagvöxt, hagræðingu og aukna atvinnu.
- **Samfélagsleg** - en þá birtast áhrifin fyrst og fremst í samfélaginu utan vísindasamfélagsins.

Menning Áhrif á skilning hugmynda, veruleika, gilda og viðhorfa.	Efnahagur Áhrif á söluverð vöru, kostnað og tekjur fyrirtækis eða efnahagslegan ávinning sem birtist í auknum hagvexti eða framleiðni í samfélaginu.	Umhverfi Áhrif á umhverfið, svo sem á nýtingu náttúruauðlinda, mengun, loftslag og veðurfræði.
Heilsa Áhrif á lýðheilsu, lífslitur, lífsgæði, vellíðan og forvarnir gegn veikindum, hvort sem þau eru andleg eða líkamleg.	Stjórn mála Áhrif á pólitískan stöðugleika og stefnumótun, hvort sem átt er við þá sem móta stefnuna eða hvernig henni er framfylgt.	Vísindi Áhrif á þróun þekkingar, mótun fræðigreina, þjálfun og hæfnipþbyggingu.
Samfélag Áhrif á velferð í samfélagi, lífsgæði, hegðun, venjur og athafnir fólks og hópa.	Tækni Áhrif á nýsköpun, vörubróun, ferli og þjónustu.	Menntun Áhrif á námskrá, hjálpargögn til notkunar í kennslu og í uppeldisfræðum og faglega hæfni.

Byggt á *European Science Foundation (ESF) flokkun áhrifaþátta*.

Hvert get ég leitað?

Háskóli Íslands býður rannsakendum upp á ráðgjöf til að auka samfélagsleg áhrif af rannsóknum sínum, meðal annars á Vísinda- og nýsköpunarsviði (inno@hi.is).

Lærdómur frá tilviksrannsóknum

Dæmi um hvernig starfsmenn Háskóla Íslands hafa áhrif má sjá víða. Fimm verkefni af öllum fræðasviðum háskólans sem öll tengjast COVID-19 má sjá á fylgjandi veggspjöldum.

Dæmi um samfélagsleg áhrif eru:

- Áhrif á stefnumótun
- Breytingar á almenningssálini eða auðgun samtals
- Að skapa nýjar tekjur eða auðvelda sparnað
- Bætur á kerfi, hönnun og ferli
- Að auðga menninguna
- Vísindalegar framfarir, innan greina og þvert á þær

Af hverju skipta samfélagsleg áhrif máli?

- **Almenningur:** Hefur rétt á að sjá hverju hans fjárfesting í rannsóknum skilar samfélaginu.
- **Stjórnvöld:** Vilja nýta niðurstöður rannsókna til að taka upplýstari ákvarðanir um hin margvíslegu mál og viðfangsefni.
- **Styrkveitendur:** Gera sífellt auknar kröfur um að hægt sé að sýna fram á að fjárfestingar til rannsókna skili sér til almennings, þau séu sýnileg og mælanleg.
- **Háskólar:** Samfélagsleg áhrif rannsókna er órjúfanlegur hluti af tilgangi, starfsemi og stefnumótun háskóla.

Hvernig geta rannsóknir haft meiri samfélagsleg áhrif?

Hægt er að auka samfélagsleg áhrif af rannsóknum með margvíslegum hætti og til eru ýmis tól og stuðningur sem hægt er að nýta. Auk þess er gott að hafa í huga að eftirfarandi atriði geta aukið líkur á samfélagslegum áhrifum en eru ekki samfélagsleg áhrif í sjálfu sér:

- Að birta sem mest af rannsóknagögnum og -niðurstöðum í opnum aðgangi.
- Að skrifa greinar og koma fram í fjölmiðlum og reyna að ná til almennings í gegnum samfélagsmiðla.
- Auka þátttöku nemenda í rannsóknarverkefnum.
- Gæta þess að rannsóknateymi og samstarfsaðilar endurspeglji fjölbreytta hópa samfélagsins.
- Starfa þvert á fræðasvið, stofnanir og í samstarfi við atvinnulífið í viðum skilningi.



HÁSKÓLI ÍSLANDS